



**Starfslýsing, starfsreglur og siðareglur  
kjörinna fulltrúa ásamt reglum um ábyrgð  
og starfshætti ráðinna stjórnenda, kjörinna  
fulltrúa og nefndarmanna sveitarfélagsins  
Voga**

**Samþykkt í bæjarstjórn 23.maí 2012**

## Efnisyfirlit

Almenn starfslýsing .....	3
1. Lagarammi.....	3
2. Efling starfsfærni og starfshæfni .....	3
3. Samfélagslegt hlutverk .....	3
4. Samstarf.....	3
5. Laun og þóknanir .....	3
Verklagsreglur um aðgengi bæjarfulltrúa að gögnum. ....	4
1. Meginregla.....	4
2. Takmarkanir á aðgengi .....	4
3. Trúnaður og þagnarskylda.....	4
4. Formlegar fyrirspurnir .....	4
5. Aðgengi fulltrúa í ráðum, nefndum og stjórnnum .....	4
Siðareglur kjörinna fulltrúa og stjórnenda .....	5
1. Markmið .....	5
2. Gæsla almannahagsmuna .....	5
3. Ábyrgð .....	5
4. Háttvísi og valdmörk.....	5
5. Misbeiting valds.....	5
6. Gjafir og fríðindi.....	5
7. Hagsmunaárekstrar .....	5
8. Ábyrgð í fjármálum.....	6
9. Trúnaður .....	6
10. Að virða hlutverk starfsmanna .....	6
11. Stöðuveitingar .....	6
12. Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings .....	6
13. Staðfesting.....	6
Reglur um ábyrgð og starfshætti ráðinna stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna við stjórnarsýslu Sveitarfélagsins Voga .....	7
1. Um ábyrgð ráðinna stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna.....	7
2. Um framkvæmdastjórn Sveitarfélagsins Voga .....	8
3. Um skyldur og starfshætti stjórnenda.....	8
4. Um samskipti kjörinna fulltrúa og starfsmanna .....	9

## Almenn starfslýsing

### 1. Lagarammi.

Sveitarstjórnarmenn starfa samkvæmt lögum 138/2011, Sveitarstjórnarlögum. Bæjarfulltrúum sveitarfélagsins Voga ber að fara í einu og öllu samkvæmt ákvæðum laga þessara í störfum sínum fyrir sveitarfélagið. Í IV. kafla laganna er fjallað um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna og ber því bæjarfulltrúum skylda til að leggja sérstaka áherslu á að kynna sér þann kafla laganna og sinna störfum sínum í fullu samræmi við ákvæði lagagreina kaflans. Bæjarfulltrúum ber einnig að starfa í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins og fundarsköp. Bæjarfulltrúum ber að öðru leyti skylda til að sinna störfum sínum af kostgæfni og vandvirkni.

### 2. Efling starfsfærni og starfshæfni

Bæjarfulltrúar skulu eftir því sem við verður komið sækja kynningarfundir, námskeið, fræðsluerindi, ráðstefnur, samráðsfundi og hvað annað það sem styrkja kann þá í starfi þeirra.

### 3. Samfélagslegt hlutverk

Bæjarfulltrúar eru fulltrúar sveitarfélagsins í bæjarstjórn og ber að taka tillit til þess á vettvangi þeirra viðburða sem eru á vegum sveitarfélagsins. Bæjarfulltrúar leitast við að bæta ímynd bæjarins og keppa að því að mannlíf verði sem blómlegast.

### 4. Samstarf

Forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs mæta vikulega á samráðsfundi með bæjarstjóra og gæta þess að vera vel inni í öllum daglegum rekstri eins og aðstæður leyfa hverju sinni. Bæjarfulltrúum ber að vera bæjarstjóra innan handar með upplýsingar sem hann vanhagar um og eru á valdi þeirra að upplýsa hann um.

### 5. Laun og þóknunir

Bæjarstjórn ákvarðar hver skulu vera föst laun forseta bæjarstjórnar, formanns bæjarráðs, bæjarfulltrúa og fyrsta varafulltrúa hvers framboðs. Föst laun eru greidd mánaðarlega. Innifalið í föstum launum er m.a. undirbúningur fyrir fundi og tími til að leita upplýsinga um mál þannig að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta ákvörðun um þau mál sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Nefndarlaun eru greidd tvisvar á ári, í maí og desember ár hvert. Nefndarlaun breytast í samræmi við þingfararkaup. Fundargerðarbækur sveitarfélagsins eru frumheimildir fyrir greiðslu fyrir setu í nefndum og ráðum bæjarfélagsins. Bæjarfulltrúar fá jafnframt greitt fyrir setu á fundum utan fastanefnda sveitarfélagsins sem þeir eru boðaðir á sem fulltrúar bæjarstjórnar af bæjarstjóra eða bæjarráði. Ákveði bæjarstjórn að setja á fót vinnuhóp bæjarfulltrúa með skilgreind verkefni ákveður bæjarstjórn hvort greitt skuli fyrir þau störf eins og í öðrum nefndum eða hvort þau störf séu innifalin í föstum launum. Fulltrúar sem bæjarstjórn eða fastanefnd kýs skv. reglugerð eða samþykktum í stjórnir og ráð fá greitt samkvæmt gjaldskrá fyrir hvern fund, þó aðeins ef viðkomandi stofnun greiðir ekki fundarþóknun. Bæjarfulltrúar leggja til tölvu og síma vegna starfa sinna og greiða kostnað því samfara.

## Verklagsreglur um aðgengi bæjarfulltrúa að gögnum.

### 1. Meginregla.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn. Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnun sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur, sbr. 1. og 2. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Meginreglan er sú að aðalmenn í bæjarstjórn skulu vegna starfa sinna í bæjarstjórn hafa aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins. Þeir varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn eiga þá einnig þennan rétt.

### 2. Takmarkanir á aðgengi

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu í 28. gr. sveitarstjórnarlaga geta verið fyrir hendi gögn í máli sem rétt er að bæjarfulltrúi hafi ekki aðgang að, svo sem gögn um verulega einkahagi einstaklings, til dæmis læknisvottorð, sálfræðigreining o.þ.h. Þó er skylt að upplýsa bæjarfulltrúa þannig um mál að honum sé unnt að gera sér grein fyrir umfangi þess og áhrifum til dæmis á fjárhag bæjarfélagsins. Gæta verður þess þá að upplýsingarnar séu veittar með þeim hætti að ekki verði lesið úr upplýsingunum hvaða mál sé um að ræða eða hverjir séu aðilar að því.

### 3. Trúnaður og þagnarskylda

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

### 4. Formlegar fyrirspurnir

Í þeim tilvikum þegar bæjarfulltrúi óskar eftir svörum við tilteknum spurningum sem krefjast sérstakrar vinnu starfsmanna, svo sem úttektir og útreikningar, ber bæjarfulltrúa að bera fram skriflega fyrirspurn til bæjarstjóra.

### 5. Aðgengi fulltrúa í ráðum, nefndum og stjórnnum

Sömu reglur um aðgengi að gögnum gilda um fulltrúa sem kjörnir eru í ráð, nefndir og stjórnir á vegum bæjarins með þeirri mikilvægu undantekningu að aðgangur þeirra skv. 1. gr. takmarkast við bækur og skjöl bæjarfélagsins sem heyra undir það ráð, nefnd eða stjórn sem þeir sitja í.

## **Siðareglur kjörinna fulltrúa og stjórnenda**

### **1. Markmið**

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar og stjórnendur sýni af sér við störf sín fyrir hönd Sveitarfélagsins Voga og upplýsa íbúa um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur sbr. 29. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### **2. Gæsla almannahagsmuna**

Kjörnir fulltrúar og stjórnendur skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Sveitarfélagsins Voga. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins. Kjörnir fulltrúar og stjórnendur hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu.

### **3. Ábyrgð**

Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á. Þeir skulu bera ábyrgð gagnvart bæjarbúum í heild sinni og svara fyrirspurnum almennings um framkvæmd þeirra starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar.

### **4. Háttvísi og valdmörk**

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar og stjórnendur koma fram af háttvísi. Kjörnum fulltrúum ber að virða ákvörðunarvald og réttindi annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins. Þeir mega ekki hvetja eða aðstoða kjörinn fulltrúa eða starfsmann Sveitarfélagsins Voga við að brjóta þær meginreglur sem hér eru settar fram. Sama á við um stjórnendur bæjarins.

### **5. Misbeiting valds**

Kjörnir fulltrúar og stjórnendur mega ekki beita réttindum eða aðstöðu sem fylgja embætti þeirra í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra í því skyni að geta notið óbeinna eða beinna persónulegra hagsbóta af því. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til að hagnast á þeim persónulega eð að hjálpa öðrum að gera það.

### **6. Gjafir og fríðindi**

Kjörnir fulltrúar og stjórnendur skulu tilkynna um allar gjafir sem þeir þiggja vegna stöðu eða starfa sinna. Óheimilt er að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim sem leita eftir þjónustu Sveitarfélagsins Voga, ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

### **7. Hagsmunaárekstrar**

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Sveitarfélagið Voga lýkur. Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þegar kjörinn fulltrúi á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem er til umfjöllunar hjá bæjarstjórn, bæjarráði eða í öðru nefndarstarfi fyrir hönd sveitarfélagsins, skal hann gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður fara fram og atkvæði eru greidd ef vafi getur leikið á um hæfi hans. Ef stjórnandi telur vafa leika á um hagsmunaárekstra í starfi sínu skal hann bera málið upp við næsta yfirboðara sinn. Kjörnir fulltrúar, nefndarmenn og stjórnendur sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum

félögum sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það.

## **8. Ábyrgð í fjármálum**

Kjörnum bæjarfulltrúum og stjórnendum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallareglur um fjármálastjórn sem tryggja rétta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa sveitarfélagsins. Við störf sín skulu kjörnir bæjarfulltrúar og stjórnendur ekki aðhafast neitt sem felur í sér misnotkun á almannafé svo sem einkanotkun á byggingum bæjarins, bílum, tækjum og tólum nema slík heimild falli undir heimildir sem ákveðnar eru af bæjarstjórn.

## **9. Trúnaður**

Kjörnir fulltrúar og stjórnendur gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar og stjórnendur láta af störfum. Kjörnir fulltrúar og stjórnendur virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Sveitarfélagsins Voga, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um.

## **10. Að virða hlutverk starfsmanna**

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Sveitarfélagsins Voga. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verja kjörna fulltrúanum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

## **11. Stöðuveitingar**

Kjörnir fulltrúar gæta þess að við stöðuveitingar hjá Sveitarfélaginu Vogum sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum.

## **12. Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings**

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur við samþykkt þeirra í bæjarstjórn og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi og staðfesti þann vilja með undirskrift sinni í upphafi hvers kjörtímabils. Siðareglur Sveitarfélagsins Voga á hverjum tíma skulu vera hluti af starfsskyldum stjórnenda sveitarfélagsins. Þær skulu vera aðgengilegar starfsfólki bæjarins, almenningsi og fjölmiðlum á heimasíðu bæjarins og annan þann hátt sem bæjarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra. Siðareglurnar skulu teknar til umræðu í bæjarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils.

## **13. Staðfesting**

Siðareglur þessar skulu sendar ráðuneytinu til staðfestingar, skv. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

# Reglur um ábyrgð og starfshætti ráðinna stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna við stjórnarsýslu Sveitarfélagsins Voga

## 1. Um ábyrgð ráðinna stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna

- a. Kjörnir fulltrúar eru bæjarfulltrúar og varamenn þeirra. Nefndarmenn eru þeir einstaklingar sem eru tilnefndir og kosnir í fagnefndir bæjarins og starfa í umboði bæjarstjórnar. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn starfa samkvæmt:
  - Samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga
  - Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011
  - Stefnumarkandi samþykktum bæjarstjórnar
  - Samþykktum fjárhagsáætlunum
  - Lögum og reglum sem gilda um ákveðna málaflokka
  - Siðareglum Sveitarfélagsins Voga
  - Reglum um ábyrgð og starfshætti
  - Verklagsreglum vegna aðgengis bæjarfulltrúa að gögnum
- b. Stjórnendur eru allir yfirmenn stjórnarsýslu Sveitarfélagsins Voga sem ráðnir eru skv. 61.gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga. Stjórnendur starfa samkvæmt:
  - Samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga
  - Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011
  - Upplýsingalögum nr. 50/1996
  - Lögum og reglum sem gilda um ákveðna málaflokka
  - Siðareglum Sveitarfélagsins Voga
  - Stefnumarkandi samþykktum bæjarstjórnar
  - Staðfestum stefnumótunarskjölum nefnda
  - Gildandi kjarasamningum
  - Samþykktum fjárhagsáætlunum
  - Reglum um ábyrgð og starfshætti
- c. Hlutverk kjörinna fulltrúa er að:
  - Móta stefnu fyrir starfsemi Sveitarfélagsins Voga og einstakra deilda og stofnana sveitarfélagsins, m.a. með gerð starfs- og fjárhagsáætlana
  - Setja starfsemi bæjarins reglur m.a. um hlutverk, ábyrgðarmörk og starfshætti nefnda, kjörinna fulltrúa og stjórnenda, gjaldskrár og annað sem lög mæla fyrir og þörf krefur.
  - Ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og framkvæma ráðningar skv. 61.gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga
  - Að hafa eftirlit með samþykktum og ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda og að starfsemi sé samkvæmt lögum og samþykktum reglum.
- d. Bæjarstjóri með deildarstjóra sér til aðstoðar er tengiliður kjörinna fulltrúa við daglega starfsemi Sveitarfélagsins voga og ber ábyrgð á að hún sé samkvæmt stefnu og ákvörðunum í viðkomandi málaflokkum. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn hlutast aðeins til um framkvæmd stefnu með samþykktum í bæjarstjórn og á nefndarfundum en hafa sem einstaklingar ekki boðvald yfir starfsmönnum bæjarins.

- e. Bæjarstjórn er heimilt að fela nefndum fullnaðarafgreiðslu mála og getur á sama hátt falið stjórnendum fullnaðarafgreiðslu mála á verksviði þeirra samkvæmt starfsreglum sem bæjarstjórn staðfestir. Stjórnendur gera nefndum reglulega grein fyrir afgreiðslu slíkra mála.
- f. Forseti bæjarstjórnar er í forsvari fyrir ákvarðanir og stefnumörkun bæjarstjórnar en formenn nefnda og ráða kynna ákvarðanir þeirra. Stjórnendur kynna og eru í forsvari fyrir framkvæmd þessara samþykka og ákvarðana.

## 2. Um framkvæmdastjórn Sveitarfélagsins Voga

Bæjarstjóri starfar samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga. Hann framfylgir ákvörðunum bæjarstjórnar, er tengiliður bæjarstjórnar við ráðna stjórnendur bæjarins og æðsti yfirmaður þeirra.

## 3. Um skyldur og starfshætti stjórnenda

- a. Stjórnendum Sveitarfélagsins Voga ber að meta hag heildarinnar yfir hag einstakra deilda eða einstakra starfsmanna og taka ákvarðanir í samræmi við það.
- b. Stjórnandi:
  - er leiðtogi undirmanna sinni í þeirri viðleitni að veita sem besta þjónustu í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga og siðareglur bæjarfulltrúa og stjórnenda hjá Sveitarfélaginu Vogum.
  - færir útgjöld málaflokka á rekstrarliði og færir á milli rekstrarlykla ef þess er þörf
  - ákveður skipulagningu og þörf starfsmannahalds, ráðningar starfsmanna skv. 62. gr. samþykka um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga, ritar starfslýsingar og semur auglýsingatexta
  - hefur skyldur varðandi upplýsingagjöf til einstaklinga, fjölmiðla og kjörinna fulltrúa
  - hefur eftirlit með daglegri starfsemi deilda og stofnana sem undir hann heyrir en hlutast ekki til um hana nema um frávík sé að fæða frá vönduðum stjórnsýsluháttum
- c. Stjórnandi ber ábyrgð gagnvart næsta stjórnandi fyrir ofan hann í skipuriti.
- d. Verði stjórnandi var við óeðlileg frávík frá markaðri stefnu, settum reglum eða samþykktum starfs- eða fjárhagsáætlunum í rekstri stjórnunareininga sem undir hann heyra, beinir hann fyrirmælum um úrbætur til næsta undirmanns sem ber ábyrgð á viðkomandi málaflokki eða verkefni.
- e. Stjórnanda er óheimilt að semja um ráðningarkjör umfram kjarasamninga (hlunnindi, fastar yfirvinnugreiðslur o.s.frv.) eða samþykktir bæjarráðs.
- f. Stjórnanda er skylt að láta næsta yfirmann vita ef möguleikar hans á að vinna úthlutað verkefni eru skertir vegna vanþekkingar, hagsmuna, tengsla eða annarra ástæðna sem kunna að vera fyrir hendi. Yfirmaður viðkomandi stjórnandi skal taka tillit til þess við vinnslu verkefnisins og eftir atvikum gera ráðstafanir varðandi endurmenntun og símenntun starfsfólks.
- g. Þegar stjórnanda er falið að rita umsögn um ákveðið mál skal hann rita umsögnina samkvæmt faglegri þekkingu og með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi, enda mikilvægt að fagleg sjónarmið ráði för í allri ákvarðanatöku og störfum einstakra starfsmanna bæjarins. Kjörnum fulltrúum, starfsmönnum eða öðrum sem eiga hagsmuna að gæta er óheimilt að hafa áhrif á innihald slíkra umsagna enda samræmist það ekki siðareglum kjörinna bæjarfulltrúa og stjórnenda hjá Sveitarfélaginu Vogum.
- h. Verði stjórnandi eða starfsmaður var við að reynt sé að hafa áhrif á innihald umsagnar, fái fyrirmæli sem eru ólögleg eða brjóti í bága við siðferðiskennd hans og fagleg sjónarmið er



honum skylt að láta ekki undan slíkum þrýstingi og bregðast við. Sama á við verði starfsmaður var við ólöglega starfsemi eða ákvarðanir, sem brjóta í bága við ákvarðanir bæjarráðs / bæjarstjórnar eða ofangreindar siðareglur Sveitarfélagsins Voga.

#### **4. Um samskipti kjörinna fulltrúa og starfsmanna**

Bæjarstjóri er yfirmaður stjórnarsýslu bæjarins og alls starfsliðs. Einstakir, kjörnir fulltrúar hafa ekki umboð til að gefa starfsmönnum fyrirmæli og skulu ekki hafa bein áhrif á störf þeirra eða ákvarðanir. Tengill kjörinna fulltrúa við starfsmenn bæjarins er bæjarstjóri og deildarstjóri hvernar deildar. Samskipti kjörinna fulltrúa og stjórnarsýslu skulu miðast við skilgreinda tengiliði hvers málaflokks, nema sérstaklega sé kveðið á um annað með sérstökum samþykktum nefnda og ráða bæjarins, enda skuli það tengjast afmörkuðum verkefnum sem eru í vinnslu. Kjörnum fulltrúum er óheimilt að reka erindi bæjarbúa við einstaka starfsmenn og vilji kjörinn fulltrúi koma máli í farveg skal það gert innan viðkomandi nefndar eða fyrir milligöngu bæjarstjóra eða viðkomandi deildarstjóra í samráði við bæjarstjóra.

Bæjarfulltrúum og nefndarmönnum er óheimilt að kalla eftir upplýsingum um einstaka mál nema í samráði við bæjarstjóra og viðkomandi deildarstjóra. Óski bæjarfulltrúar eftir sérstökum upplýsingum um tiltekin mál skal hann fylgja verklagsreglum vegna aðgengis bæjarfulltrúa að gögnum Sveitarfélagsins Voga.

Starfsmönnum er óheimilt að leita til kjörinna fulltrúa varðandi málefni sem lýtur að launakjörum og starfsumhverfi, enda eru kjörnir fulltrúar ekki yfirmenn stjórnarsýslunnar.